


HAUKADALSÁ EFRI
FISKIRANNSÓKNIR 1987

SIGURÐUR MÁR EINARSSON



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

BORGARNESI, janúar 1988

VMST-V/88003

EINTAK BÓKASAFNS

VMST-V/88003

VEIÐIMÁLASTOFNUN

HAUKADALSA EFRI
FISKIRANNSOKNIR 1987

1. INNGANGUR

Á undanförnum árum hefur verið reynt að efla laxgengd í Haukadalsá efri með sleppingum sumaralinna laxaseiða á ófiskgenga hluta árinna fyrir ofan Hlaup. Laxveiði er lítil í ánni, en bleikjuveiði er hins vegar góð. Fyrri rannsóknir hafa leitt í ljós að bleikjan er í meirihluta á fiskgenga hlutanum (Jón Kristjánsson 1974, Þórir Dan Jónsson 1983, Sigurður Már Einarsson 1986), en lax hefur lítið náð sér þar á strik. Almennt verið talið að laxaklak eigi erfitt uppdráttar vegna þess að áin sé í kaldari lagi, en bleikjan hins vegar þrífist vel við þessar aðstæður.

Sleppingar á sumaröldum laxaseiðum fyrir ofan Hlaup hafa sýnt að vöxtur er allgóður og afföll á seiðum virðast fremur lítil. Seiðin þurfa þannig 2-3 ára dvöl á þessu svæði til að ná göngustærð. Lítil aukning hefur hins vegar orðið í efri ánni í kjölfar sleppinganna. Hér verður greint frá niðurstöðum athugana sem gerðar voru í lok ágúst 1987.

2. AÐFERDIR

Að þessu sinni var veitt á 3 stöðum í ánni, tveim stöðum fyrir ofan Réttarfoss, og á einum stað á fiskgenga hlutanum (Mynd 1). Ein umferð var farin á hverjum stað með rafmagnsveiðitæki og seiðamagn útreiknað á 100 m² botnflatarmál. Þessi aðferð er útskýrð nánar í fyrri skýrslu (Sigurður Már Einarsson 1986).

3. NIDURSTÖÐUR

Á ófiskgenga hlutanum veiddist eingöngu laxaseiði, en ekki varð vart við bleikju né urriða. Þetta er í samræmi við fyrri athuganir á þessu svæði. Á báðum veiðistöðum fengust eingöngu eins árs laxaseiði úr sleppingu árið 1986 (Tafla 1). Þéttleiki á þessum 2 veiðistöðum var mjög mismunandi. Ljóst er að á efsta staðnum hefur verið sleppt allt of þétt. Þar veiddust 30 seiði á 100 m² í einni yfirferð og ekki ólíklegt að heildarþéttleiki hafi verið 60-80 seiði á 100 m². Hentugur þéttleiki á þetta svæði er 20-30 seiði á 100 m² við dreifingu seiðanna. Of mikill þéttleiki getur dregið úr vexti seiðanna og afföll stórauðist og árangur verður því ekki sem skyldi af sleppingunni.

Vöxtur seiðanna (Tafla 2, Mynd 2) þann 17. ágúst sýndi að seiðin voru 6.9-7.8 sm að meðaltali, en við athugun árið 1985 sem gerð var 10.-11. júlí voru jafngömul seiði 8.8-9.2 sem að meðaltali, eða mun stærri, þótt veitt hafi verið í byrjun sumars. Þetta bendir einnig til að sleppingin 1986 hafi verið illa framkvæmd.

Á fiskgenga hlutanum var aðeins veitt á einum stað. Nú ber svo við að lax var allt í einu í meirihluta á þessu svæði, sérstaklega fékkst mikið af tveggja ára seiðum af árgangi 1985, en einnig varð vart við eins árs seiði frá 1986. Þessi seiði voru öll árangur náttúruklaks. Bendir því allt til að lax sé eitthvað að ná sér á strik á fiskgenga hlutanum. Síðustu ár hafa verið hagstæð hvað hitafar snertir og er ekki ólíklegt að í slíkum árum geti lax náð sér á strik. Árgangur frá 1985 virðist öflugur. Seiðin af þessum árgang fara eitthvað út 1988, en flest 1989 og gæti töluvert af fiski skilað sér í ána úr þessum árgang.

4. UMRÆÐUR

Niðurstöður rannsókna á Haukadalsá efri sumarið 1987 staðfesta í meginatriðum það sem áður hefur komið fram í fyrri athugunum. Á sleppisvæðinu fyrir ofan Hlaup dafna seiði vel og ná göngustærð á 2-3 árum eftir árferði, þéttleika við dreifingu og stærð seiða við sleppingu. Vanda þarf betur til sleppinga en gert var sumarið 1986, en þá var seiðum greinilega ekki nógu vel dreift. Áin fóstrar seiðin því vel og upp í gönguseiðastærð. Arangurinn í veiddum laxi í ánni lætur hins vegar á sér standa. Áður hefur verið rætt um að stangveiði í neðri ánni og netaveiði í vatninu taka sinn toll af fiski sem skilar sér úr þessum sleppingum og einnig er efri áin köld dragá og gengur fiskur oft seint fram slíkar ár og nýtist þá ekki nægilega vel til stangveiði. Almennt séð er þó skynsamleg stefna að nýta ófiskgenga hlutann til ræktunar, en hins vegar væri mjög æskilegt að gera tilraun með að merkja t.d. 10.000 sumaralin seiði með örmerkjum og athuga árangur af þessum sleppingum í heild í öllu vatnakerfinu, til að sjá hvar fiskurinn veiðist er hann kemur til baka og í hvað miklu magni. Þá er hægt að fá betri yfirsýn betur um arósemi sleppinga í heild fyrir allt vatnasvæðið. Við slíkt verkefni þyrfti samvinnu allra þeirra sem veiðar stunda á þessu vatnasvæði.

Fiskgengi hlutinn hefir aðallega nýst til bleikjuuppeldis og virðist vera eitt aðaluppeldissvæði fyrir sjóbleikju í þessu vatnakerfi. Laxauppeldi virðist eitthvað vera að ná sér á strik á þessu svæði og gæti það tengst góðu árferði síðastliðið ár. Ef lax nær sér á strik á þessu svæði myndi það næsta vist koma niður á sjóbleikjuuppeldi, því laxaseiði eru mun hæfari til að nýta búsvæði í straumvatni en bleikjuseiði.

5. HEIMILDIR

Jón Kristjánsson 1974. Rannsóknir í Haukadalsá 1974. VMST-R. Skýrsla 6 bls.

Sigurður Már Einarsson 1986. Haukadalsá efri. Fiskirannsókn
1985. VMST-V/86002. Skýrsla 7 bls.

Þórir Dan Jónsson 1983. Fiskirannsókn í Efri-Haukadalsá
1983. VMST-V. Skýrsla 4 bls.

VIÐRYTTING	MI	MI	MI	MI	MI
1. HAFST	11.5	-	31.5	-	-
2. HAFST	1.5	-	1.5	-	-
3. HAFST	1.5	1.5	14.4	-	-

TAFLA 1

FRAMLIÐINGU- OG VÉLDINGU-
FRAMLIÐINGU- OG VÉLDINGU-

VIÐRYTTING	MI	MI	MI	MI	MI
1. HAFST	0.9	0.9	34	-	-
2. HAFST	1.8	1.8	4	-	-
3. HAFST	0.9	0.9	4	0.4	0.89

TAFLA 1

FJOLDI LAXFISKASEIDA SEM FEKKST 1 EINNI RAFVEIDIYFIRFERD
A 100 M² BOTNFLATARMALI 17. AGUST 1987


<u>VEIDISTADUR</u>	<u>LAX</u>				<u>BLEIKJA</u>
	<u>0+</u>	<u>1+</u>	<u>2+</u>	<u>ALLS</u>	<u>ALLS</u>
1 (EFST)	-	31.5	-	31.5	-
2 (F.O.FOSS)	-	1.6	-	1.6	-
3 (VID GRJOTGARD)	-	1.6	12.8	14.4	3.6

TAFLA 2

MEDALLENGD LAXASEIDA A 3 VEIDISTODUM I
HAUKADALSA EFRI 17. AGUST 1987

<u>VEIDISTADUR</u>	<u>1+</u>			<u>2+</u>		
	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>	<u>ML</u>	<u>SD</u>	<u>N</u>
1	6.9	0.77	34	-	-	-
2	7.8	0.26	3	-	-	-
3	6.2	0.26	4	8.4	0.69	31

MYND 1:
KORT AF VATNASVÆDI HAUKADALSAR - EFRI.
VEIÐISTADIR ERU SYNDAR MED NÚMERUM.



MYND 2:

LENGDARDREIFING OG ALDUR LAXASEIDA EFTIR VEIÐISTÖÐUM Í
HAUKADALSA EFRI 17. AGUST 1987.

